

Læknablaðið hefur beðið nokkra lipra penna í læknastétt að senda blaðinu hugleiðingar sínar í dagsins önn.

Guðrún er læknir, – sérfræðingur í veirufræði. Hún var yfirlæknir Neyðarmóttökunnar í Fossvogi 1993-2004 og stýrði Krabbameinsfélaginu árin 1992-2010. Guðrún var þingmaður Samtaka um kvennalista 1983-91.



Guðrún Agnarsdóttir

[gudrunagnarsdottir@gmail.com](mailto:gudrunagnarsdottir@gmail.com)

## Vituð þér enn eða hvat?

### Það sem ég vissi ekki þá

Ég var læknanemi á barnadeild Landspítalans, líklega 1966. Þar var lögð inn lítil stúlka, minnir hún hafi verið 4-5 ára gömul. Hún kastaði sér í gólfið og spyrnti með taktföstum hætti og stundi, reyndist ekki flogaveik en niðurstaðan var að hún væri að fróa sér, litla stúlkan. Þótti sérstakt og óvenjulegt, rætt á fundi deildarinnar. Enginn spurði eða velti fyrir sér hvort hún hefði verið misnotuð, einhver hefði leitt hana til að fróa sér. Ekki hvarflaði það að mér.

Í maí 1970 vorum við Helgi komin til London í sérnám. Ég tók afleysingu á fæðingar- og kvensjúkdómadeild Charing Cross spítala. Þangað kom kona sem hafði fætt nokkrum dögum áður, mjög áhyggjufull og óvenju óróleg yfir ungbarninu sem grét og vildi ekki drekka nógu vel. Ræddi við hana og vísaði ljósmóður til hennar að leiðbeina. Þegar ég gaf unglækninum sem ég hafði leyst af skýrslu var hann hneykslaður á mér að hafa ekki aðhafst meira varðandi móðurina: „Gerirðu þér ekki grein fyrir því að hún gæti barið barnið.“ Barið barnið? Ekki hafði hvarflað að mér að nokkrum dytti í hug að berja ungbarn, sitt nýfædda barn? Enginn hafði orðað neitt slíkt í læknanáminu fremur en misnotkun barna og ég blessunarlega laus við ofbeldi mín uppvaxtarár og aldrei hvarflað að mér að nokkur berði lítil börn eða misnotaði kynferðislega. En unglæknirinn hafði greinilega annaðhvort lesið um eða verið á ráðstefnu nýlega þar sem þetta var rætt, ofbeldi gegn börnum, jafnvel ungbörnum, heyrt að ungbörn sem grétu

mikið gætu átt á hættu að vera barin af vanmáttugum foreldrum sem gátu ekki huggað eða stöðvað grátinn. Þetta var snemma árs 1970, þá voru þessi mál að komast til umræðu.

### Aldarandinn og breytt viðbrögð

Fyrir 1970 var ekki talað mikið um kynferðislega misnotkun eða ofbeldi gegn börnum eða öðrum. Það var hjúpað þögninni. Löngu seinna komu frásagnir af reynslu fólks og líðan, um erfiða lífsreynslu af ofbeldi og hvernig fólki á öllum aldri líður með kynhlutverk sitt og hvað það kys er nú að finna í rannsóknarskýrslum og greinum og á samfélagsmiðlum. Skemmst er að minnast #MeToo, Druslugöngu, Brjóstabyltingar og fleiri aðgerða. Samtökin 78 voru stofnuð 1978. Kvænnaathvarfið og Stígamót 1982. Neyðarmóttaka vegna nauðgunar 1993, Barnahús 1998 og síðar komu Blátt áfram, Drekaslóð, Bjarkarhlíð og Aflíð á Akureyri og Sólstafir á Ísafirði. Einnig frumkvæði og aðgerðir lögreglu gegn heimilisofbeldi og átak Reykjavíkurborgar Saman gegn ofbeldi. Öll sinna þau fólki af báðum kynjum. Pottlokinu hefur verið lyft.

### Helsta ógn sem steðjar að börnum á Íslandi er ofbeldi

Þetta kemur skýrt fram í nýrri tölfræði um ofbeldi gegn börnum sem unnin var fyrir UNICEF á Íslandi af Rannsókn og greiningu og Stígamótum. Tölfræðin dregur upp mynd af þróun ofbeldis gegn börnum hér á landi og afleiðingum þess síðast-

liðinn áratug. Tæplega eitt af hverjum 5 börnum hefur orðið fyrir ofbeldi fyrir 18 ára aldur en alls eru 80.383 börn búsett á Íslandi og miðað við þann fjölda eru það rúmlega 13.000 börn. Í tölunum eru einnig börn sem verða vitni að heimilisofbeldi því rannsóknir sýni að afleiðingar þess að verða vitni að ofbeldi á heimilinu séu allveg jafn slæmar og að verða beint fyrir ofbeldinu. 16,4% barna verða fyrir líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára afmælisdaginn sinn, sum hver daglega.

Hér er ekki meðtalin vanræksla, andlegt ofbeldi, rafrænt ofbeldi eða einelti, en þá væri þessi tala mun hærri.

Kynferðisofbeldi gegn drengjum hefur tvöfaldast á síðustu 6 árum, 9% stúlkna í 10. bekk hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu jafnaldra og 6% drengja verða fyrir líkamlegu ofbeldi á heimili sínu. Um 70% skjólstæðinga Stígamóta urðu fyrir kynferðislegu ofbeldi í barnæsku en leita sér fyrst hjálpar þegar þeir verða fullorðnir.

*Hvernig getum við, heilbrigðisstéttirnar, tekið á þessari skuggahlíð mamlegs lífs? Hvað er nú kennt í læknadeild og hjúkrunarfræðum um allt þetta sem áður lá í þagnargildi og mátti ekki nefna en er nú meira en brýnt að mæta með skilningi, þekkingu og lausnum sem duga? Hvernig svörum við, hvert og eitt okkar, þessum mikla vanda? Þekkjum við einkennin, kunnum við að spyrja og kunnum við bestu viðbrögðin? Hvaða lausnir bjóðum við? Hvernig er best að beita forvörnum?*